

Nr. 024 / 12 Alpha HF 32***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1031
Smíðaður: Noregi 1967, stál
Stærð: 574 brl. 966 bt.
Mesta lengd: 57,83 m Skráð lengd: 54 m
Breidd: 10 m Dýpt: 7 m
Vél: Caterpillar 3700 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 7



Alpha©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. mars 2012 var Alpha HF 32 í loðnuflutningum í Faxaflóa. Veður: SV 10-12 m/s og ölduhæð 4,8 m.

Skipverji var í matsal þegar skipið tók djúpa stb. veltu með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig úr lausum stól og lenti með hægri síðu á borðbrún. Kenndi hann til og missti andann.

Eftir að slasaði leitaði læknis þegar í land var komið kom í ljós að hann var rifbeinsbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að bólstraðir bekkir voru við öll borð í matsal skipsins þegar það hét Álsey VE og áður en það var selt til eiganda sem gerðu það út á suðlægum fiskimiðum. En þá var innréttingum í matsal skipverja breytt til þess horfs að stólar voru settir við borðin og bekkir fjarlægðir;
- að allir stólarnir voru lausir á gólfinu án þess að hægt væri til að festa þá þegar setið var í þeim. Eingöngu var sjóbúnaður á þeim þegar þeir voru ekki í notkun.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.